

Fréttabréf

Lífeyrisdeildar Sameykis

1. tbl. 6. árg. apríl 2024



Vorfagnaður

Þriðjudaginn 7. maí 2024, kl. 12.00- 15.00

Gullhamrar í Grafarholti, Þjóðhildarstíg 2

Lífeyrisdeild Sameykis stendur fyrir vorfagnaði fyrir félagsfólk Lífeyrisdeildar. Boðið verður upp á steikarhlaðborð með kalkún og lambi ásamt meðlæti. Súkkulaðifraúð með vanillurjóma og jarðaberjum og kaffi.

Eypór Ingi kemur og skemmtir okkur með söng og gamanmáli

Grímur Sigurðsson og Sara Grímsdóttir spila fyrir dansi.

Verð 4.000 kr. á mann

Skráning á vorfagnaðinn er í gegnum rafrænt orlofskerfi félagsins á vefsíðunni www.sameyki.is eða á skrifstofu Sameykis, s. 525-8330

Félagsfólk má bjóða einum gesti með sér.

Síðasti dagur til að skrá sig er **sunnudagurinn 5. maí.**

Aðalfundur Lífeyrisdeildar Sameykis

Þriðjudaginn 21. maí kl. 13
að Grettisgötu 89, 1. hæð.

Kynning á réttindum í lífeyrissjóðum félagsfólks.

Dagskrá fundarins er samkvæmt starfsreglum deildarinnar.

- Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemina á síðastliðnu ári.
- Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar deildarinnar fyrir síðastliðið ár.
- Gerð grein fyrir störfum og reikningum símenntunarsjóðs.
- Tekin ákvörðun um tillögur til breytinga á starfsreglum deildarinnar.
- Kosnir tveir skoðunarmenn félagsreikninga.
- Önnur mál.

Sumarferð lífeyrisdeildar

Stjórn Lífeyrisdeildar hefur skipulagt ferð undir leiðsögn Harðar Gíslasonar í Þórsmörk. Fólk þarf að koma vel búíð þar sem um óbyggðarferð er að ræða að þessu sinni.

Ekið verður í Þórsmörk með viðkomu á áhugaverðum stöðum. Boðið verður upp á nesti í veitingartjaldi í Básum. Létt ganga um svæðið.

Snæddur verður kvöldverður á leið í bæinn á Loftinu á Selfossi.

Lagt verður af stað frá bílastæði við Listasafn Reykjavíkur við Klambratún klukkan 9:00 og komið verður til baka um klukkan 20.30

Hægt er að velja á milli 3ja dagsetninga: **fimmtudag 20. júní, þriðjudag 25. júní og þriðjudag 2. júlí**

Félagsfólk má bjóða með sér einum gesti. Verð er 8.000 kr. á mann með öllu inniföldu. Miðasala í ferðir er í gegnum [Orlofshúsavef Sameykis](#).



Gönguklúbbur Lífeyrisdeildar

Gönguklúbburinn er enn til en það hefur fækkað í honum af ýmsum orsökum og lítil endurnýjun orðið. Ákveðið var að leggja niður reglulegar göngur, en til þess að missa ekki alveg tengslin hefur verið ákveðið að hittast í sundlauginni í Laugardal fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði í kaffi.

Því verður fagnað ef áhugasamir endurvekja gönguhópinn.




Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar

Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu.

Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember. Frestur til að senda inn umsóknir í vor er 10. maí.

Félagsfólk getur fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Sameykis www.sameyki.is Öllum umsóknum verður að fylgja gild kvittun með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila.



Viltu fá fréttir frá Sameyki?

Við hvetjum ykkur til þess að fara inn á **mínar síður** á vef Sameykis og færa inn rétt netfang. Það eru margir enn með gamla vinnunetfangið sitt. Þetta gæti aukið á tengslin við félagið og Lífeyrisdeildina. Við vekjum athygli á því að Fréttabréf Lífeyrisdeildar má finna á vefsíðu Lífeyrisdeildar.

Orlofshús og orlofstilboð

Félagsfólk í lífeyrisdeild getur sótt um orlofshús í sumar, fyrir utan 7 vikna tímabil yfir hásumarið þegar flestir sem eru í starfi sækjast eftir orlofshúsum og þegar leik- og grunnskólar eru lokaðir. Þetta er á tímabilinu 21. júní til 8. ágúst 2024. Ef það eru laus hús eftir að úthlutun lýkur hefur fólk í Lífeyrisdeild sama rétt og annað félagsfólk til að bóka orlofshús. Önnur tímabil standa félagsfólki Lífeyrisdeildar opin.

Orlofssjóður býður upp á ýmislegt fleiri en orlofshús, svo sem gjafabréf í flug, ferðaávisanir, veiðikort og fleira. Við hvetjum ykkur til þess að skoða orlofsvefinn á sameyki.is

Skráning í Lífeyrisdeild

Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vefsíðu félagsins undir Lífeyrisdeild eða hafa samband við skrifstofu sameyki@sameyki.is eða í síma 525 8330. Láttu endilega vini og félagar sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig.



Fréttabréf Lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu

Áb.maður: Þórarinn Eyfjörð - Umsjón: Ingibjörg Óskarsdóttir

Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannabjónustu

Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík 5258330 - sameyki@sameyki.is

Ertu ekki örugglega vinur okkar á facebook?

